# Afsalsbréf o.fl. v. laxveiðiréttindi í Elliðaám. 1837-1853

Aðfnr. 1352, örk 4

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Skönnun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Samkvæmt munnlegri fullmakt frá bóndanum Sveini Jónssyni á Ártúni hefi eg í dag gjört eptirfylgjandi kaupasamning um eignarjörð hans Ártún við Kaupmann Hra. D. Thomsen hér í bænum.

Nefndur Sveinn Jónsson lofar að selja velnefndum Kaupmanni D. Thomsen ofanskrifaða jörð, Ártún liggjandi innan Kjósar sýslu 10 h. að dýrleika og með fylgjandi 3 kúgildum, samt húsum og öllu tilheyrandi til lands og sjáfar, og þaramedal hólmunum í Elliðaánnum, fyrir þá summu "Sex hundruð ríkisbankadali í reiðu silfri, og borgast þetta kaupverð til næstkomandi Nýárs til seljandans sem þá gefur út skjöde fyrir jörðunni til Kaupanda, en býr á jörðunni til næstu fardaga, og geldur landskuld af henni frá nýári í réttu hlutfalli, samanborin við þá árlegu afgreiðslu af jörðunni. – Talnareikningurinn skal ekki vera sem stendur –

Eg, D. Thomsen, lofa fyrir mína hönd sem kaupandi að greiða það umsamda kaupverð til ákveðins tíma, og er samþykkur hinum að framangreindu skilmálum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

geingur út Jörðin afhendist með sanngjörnu álagi, ef seljandi hana heimtar. —

Verði nokkrir misbrestir á aðrahvorra hliðinni gjöra samning þennan ógildan og veita rétt til hæfilegra skaðabóta, hverjum sem verður fyrir halla af skilmálarofinu, ef þessa er krafist af réttum hlutaðeiganda. —

Þann af kaupunum leiðandi kostnað, hvarámeðal þinglestur afsalsbréfsins, standa seljandi og kaupandi að jöfnu; en kaupandi borgar [illegible] afgjaldið.

Þannig samið og undirskrifað í tilkvaddra vitundarvotta viðurvist þann 27 Júlí 1848 á Ártúni

Sem seljandi
fyrir hönd Sveins
Jónssonar

M. Jonasson

Til vitundar
D. Thomsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No. 10.

Litr. C. ad No. 6

Fremlagt for Retten i Reykjavik den 13 Aug 1849

Christianssen

test